

**Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og skattanefnd
b/t Eiríks Áka Eggertssonar
nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík**

Reykjavík, 28. apríl 2008.

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum (515. mál).

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp þar sem lagðar eru til góðar og gildar breytingar á tekjuskattslögum.

Viðskiptaráð hefur ávallt mælt fyrir frekari skattalækkunum hér á landi og er það álit ráðsins að stefna ætti að setningu flats almenns skatts með lágu skatthlutfalli á meðan allir sértækir skattar yrðu afnumdir.

Með því að færa kaupmátt hins opinbera í hendur einkaaðila er stuðlað að aukinni framleiðslu og örari vexti hér á landi, en jafnframt ryður slíkt braut þess skattalega samkeppnisforskoti sem Ísland ætti að skapa sér gagnvart öðrum þjóðum. Jákvæð áhrif skattalækkana á samkeppnishæfni íslenskra fyrirtækja og skattheimtur hins opinbera verða ekki dregin í efa. Lægra skatthlutfall ýtir ekki einungis undir örari vöxt og aukna framleiðni heldur leiðir einnig frekar til þess að fyrirtæki sjái sér hag í að setjast hér að – sem hefði þau áhrif að breikka skattstofninn. Allir þessir þættir vinna gegn samdrætti í skatttekjum ríkisins.

Það er hins vegar afar mikilvægt að hið opinbera dragi markvisst saman seglin samhliða þensluhvetjandi áhrifum boðaðra aðgerða til að vega upp á móti þeim eftirspurnarþrýstingi sem auknum kaupmætti fylgir. Mikilvægt er að grunnstoðir hagkerfisins séu samstíga í aðgerðum sínum og að almenn starfsemi og sértækar aðgerðir hins opinbera stuðli að sem mestu efnahagslegu jafnvægi. Til að jákvæð skref reynist ekki feilsþor þurfa því fjármál hins opinbera að vinna kerfisbundið gegn sveiflum og styrkja sameiginlega ábyrgð Seðlabankans og stjórnvalda á verðbólguþröskulmiðinu.

Viðskiptaráð fagnar þeirri breytingu frumvarpsins að færa skattlagningu arðgreiðslna til erlendra aðila til samræmis við skattlagningu arðgreiðslna til innlendra aðila. Um er að ræða afar mikilvæga leiðréttingu á skipan mála sem hafa farið gegn ákvæðum EES-samningsins. Að mati Viðskiptaráðs hefði verið rétt að frumvarp þetta fæli einnig í sér breytingar á lögum um staðgreiðslu á fjármagnstekjur í þá átt að undanskilja erlend félög innan EES staðgreiðsluskyldu af arði. Erlend félög innan EES, sem eru í raun ekki skattskyld, verða eins og staðan er í dag að skila skattframtali til að fá staðgreiðsluna endurgreidda, sem þó gerist ekki fyrr en ári síðar.

Þessi framkvæmd er bagaleg fyrir þau erlendu félög sem um ræðir sem og fyrir skattfyrvöld enda er óþarfa tíma og fjármagni ráðstafað til að sinna þessum endurgreiðslukröfum.

Viðskiptaráð leggur til að lögum um staðgreiðslu fjármagnstekna verði breytt á þá leið að erlend fyrirtæki innan EES verði undanþegin staðgreiðsluskyldu.

Hvað varðar breytingar frumvarpsins á skattlegri meðferð gengishagnaðar og taps þá er það mat Viðskiptaráðs að ákvæði þetta ætti að fela í sér heimild, en ekki skyldu, til að dreifa hagnaði eða tapi í þrjú ár. Frumvarpið felur í sér lítinn sem engan rökstuðning fyrir þessari breytingu, en það getur skipt fyrirtæki með annars konar rekstrarhagnað umtalsverðu máli að lækka skattbyrði sína með því að færa gengistap að fullu til gjalda á því ári sem hagnaðurinn myndast.

Viðskiptaráð leggur til að 1. og 3. gr. frumvarpsins verði breytt þannig að fyrirtækjum verði heimilt að færa gengishagnað/tap með jafnri fjárhæð á þrjú ár frá og með því reikningsári sem hagnaðurinn/tapið fellur til.

Viðskiptaráð leggur til að frumvarpið nái fram að ganga.

Virðingarfyllst,



Haraldur I. Birgisson
Lögfræðingur Viðskiptaráðs